

Tímasetningar skólaslita föstudaginn 7. júní:

- Kl. 8:10 - 1. bekkur
- Kl. 09:00 - 2. bekkur
- Kl. 10:00 - 3. bekkur
- Kl. 10:30 – 8.-9. bekkur
(Ath. 8.-9.b mæti í Vallakór)
- Kl. 11:00 - 4. bekkur
- Kl. 12:00 - 5. bekkur
- Kl. 13:00 – 6.-7. bekkur

Útskrift 10. bekkjar verður fimmtudaginn 6. júní kl. 16:30

Kæra skólasamfélag

Komið er að endasprettinum í vetur enda aðeins þrjár vikur eftir af skólaárinu. Í þessu fréttabréfi er að finna skipulag síðustu viknanna í grófum dráttum en eins og venjulega brestur á með vorferðum af ýmsu tagi undir lokin. Allra síðustu dagarnir eru svo „skertir dagar“ á skóladagatali sem þýðir að þá lýkur skóladeginum á hádegi.

Með lokum skólaársins styttist í skil á námsmati en eins og undanfarið munum við ekki prenta út vitnisburðarblöð nema fyrir útskriftarnemendur í 10. bekk. Aðrir nemendur munu geta nálgast námsmatsupplýsingar sínar á hæfnikortum í mentor og verða þær upplýsingar sýnilegar þann 6. júní.

Eins og áður hefur verið kynnt mun undirritaður verða í námsleyfi næsta skólaár. Þórunn Jónasdóttir mun taka við starfi skólustjóra en Inga Sigurðardóttir og Edda Kjartansdóttir verða aðstoðarskólustjórar. Þá hefur Guðbjörg Oddsdóttir verið ráðin deildarstjóri yngsta- og miðstigs næsta vetur. Ennfremur munu þær Kristín Friðbjörnsdóttir og Unnur Óttarsdóttir sinna störfum kennsluráðgjafa og hafa með höndum umsjón sérkennslu, Kristín í Baugakór og Unnur í Vallakór. Anna María Þorkelsdóttir verður svo áfram kennsluráðgjafi hjá okkur næsta vetur.

Með von um ánægjulega og árangursríka daga í lok skólaárs!

Ágúst Jakobsson skólustjóri

Frístund 2019-2020 og sumarfrístund verðandi 1. bekkinga (2013 árg.)

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um frístund fyrir næsta vetur. Sótt er um í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Valin er „**Umsókn um frístund**“ og þá opnast umsóknarform í nýju umsónarkerfi sem heitir Vala.

Einnig hefur verið opnað fyrir umsóknir um **sumarfrístund** fyrir verðandi 1.bekkinga, 12.-22. ágúst. Sótt er um í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Valin er „**Umsókn um sumarfrístund**“ og þá þarf að skrá sig aftur inn. Þar sem sumarfrístund er með aðeins öðru fyrirkomulagi heldur en vetrarfrístund, þá er umsóknarformið með öðru sniði, líkt og um námskeið væri að ræða.

Þegar komið er inn á umsóknarvefinn birtast tvö umsóknarform fyrir hvern skóla. Fyrri vikan er 5 dagar, 12.-16.ágúst, og seinni vikan er 4 dagar, 19.-22.ágúst. Sér umsókn er fyrir hvora viku. Verð fyrir fyrri viku er 9.900kr. og seinni viku 7.920kr. Hádegismatur og hressing fyrir og eftir hádegi innifalin. Opnunartími er frá 8-16. **Umsóknarfrestur í sumarfrístund er til og með 31. maí.**

Skólasetning er föstudaginn 23.ágúst en þá er lokað í frístund.

Kópurinn - viðurkenning menntaráðs Kópavogs

Kópurinn, viðurkenning menntaráðs Kópavogs fyrir framúrskarandi grunnskóla- og frístundastarf í Kópavogi, var veittur við hátíðlega athöfn í Salnum fimmtudaginn 16. maí. Alls bárust tuttugu tilnefningar til menntaráðs og voru veittar fimm viðurkenningar fyrir verkefni sem þóttu fela í sér umbætur eða leiða til framfara í skóla og frístundastarfi. Það er gaman að segja frá því að eitt af þeim verkefnum sem hlaut viðurkenningu í ár var verkefnið „Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á þemadögum í Hörðuvallaskóla“.

Það er Anna María kennsluráðgjafi sem á mestan heiður af þessari viðurkenningu en hún undirbjó þemaverkefnið okkar á þemadögnum fyrr í vetur og tókust þemadagarnir með miklum sóma. Það er einnig ánægjulegt að geta þess að af þeim tuttugu verkefnum sem voru tilnefnd til Kópsins í ár voru fimm úr Hörðuvallaskóla. Auk framangreinds verkefnis var þar um að ræða innleiðingu núvitundar, skákkennsluna í Hörðuvallaskóla, breytingarnar á bókasafninu og vinnu með hæfniviðmið aðalnámskrár með nemendum. Við erum að sjálfsögðu afar stolt af þessum árangri og er þetta hvatning til að halda áfram og gera enn betur í viðleitni okkar til að hafa ávalt öflugt skólustarf í fremstu röð í Hörðuvallaskóla!



Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
19.	20. Langa m/ soðnum kartöflum og hvítlauks-sósu. Salatbar og ávextir.	21. Grænmetisbollur m/ brúnum hrísgrjónum og paprikusósu. Salatbar og ávextir. 3. bekkur í sveitaferð Vorhátíð kl. 17:00-19:00	22. Jarðaberjaskyr m/ rjómblandi og heil-hveitibrauð m/ smjöri, osti og gúrku. Ávextir.	23. Heimalagaður plokkfiskur m/ rúgbrauði og smjöri. Salatbar og ávextir. 5. bekkur í gönguferð	24. Lambagúllas í karrýsósu m/ brúnum hrísgrjónum. Salatbar og ávextir.	25.
26.	27. Fiskibollur m/ brúnni sósu, soðnum kartöflum og rabarbarasultu. Salatbar og ávextir. 5. b. í gróðursetningu	28. Grisasnitsef m/ kaldri bernaisésósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir. 10. b í óvissuferð	29. Hrísgrjónagrautur m/ kanilsykri, rúsínum, lifrapylsu og blóðmör. Ávextir. 10. b í óvissuferð 4. b. í vettvangsferð 6.-7. b í gönguferðum	30. Uppstigningardagur Frí	31. Nautahakk, linsur og pasta á yngra stigi. Nautatortillur m/ hrísgrjónum á unglíngastigi. 1. b í Magnúsarlund Fótboltamat hjá 7. b	1. júní
2.	3. Ýsa í orly m/ brúnum hrísgrjónum og súrsætri sósu. Salatbar og ávextir. 10. b í starfskynningum 2. b í gönguferð 8. b. í hjólaferð 9. b í ísferð	4. Afgangadagur. Salatbar og ávextir. 10. b í starfskynningum 8.-9. b í fjallgöngum	5. Pizza og safi Ýmis verkefni og útivera Nemendur mæta á venjulegum tíma en skóla lýkur kl. 12:00	6. Hamborgari m/ brauði, káli, tómötum, gúrku, paprika og sósum. Prince polo og safi. Farið í Guðmundarlund Skóladagur hjá öllum kl. 8:30-12:00	7. Skólaslit! Sjá tímasetningar á forsiðu	

PMTO foreldranámskeið haustið 2019

Kópavogsbær mun bjóða upp á niðurgreidd foreldranámskeið næsta haust. Annars vegar er um að ræða námskeið fyrir foreldra 4-6 ára barna sem haldið verður á mánudögum kl. 17-19 í átta skipti, hefst þann 2. september og lýkur 21. október. Hins vegar er námskeið fyrir foreldra 6-12 ára barna sem haldið verður á miðvikudögum kl. 17-19 í átta skipti, hefst þann 4. september og lýkur 23. október. Þátttökugjald á námskeiðunum er kr. 12.000 fyrir fjölskyldu. Innifalin eru námskeiðsgögn og veitingar. Leiðbeinendur eru Lilja Rós Agnarsdóttir félagsráðgjafi / PMTO meðferðaraðili og Árni Sveinsson ráðgjafi / PMTO meðferðaraðili. Til að komast á námskeiðin geta foreldrar óskað eftir að skóli eða ráðgjafar á velferðarsviði Kópavogsbæjar hafi milligöngu með umsókn.

Nánari upplýsingar veitir Lilja Rós Agnarsdóttir - liljaros@kopavogur.is

Um skráningar í frístund og mótuneyti

Frístund:

Frístundarumsóknir haldast ekki opnar milli skólaára. Frístundarumsóknum fyrir núlíðandi skólaár verður lokað í lok skólaárs. Sækja þarf um frístund á ný fyrir næsta skólaár (sjá auglýsingu á forsiðunni)

Mötuneyti:

Allar mótuneytisumsóknir sem eru í gildi í dag haldast opnar milli skólaára þannig að þeir sem eru í áskrift í dag þurfa ekki að sækja um fyrir næsta skólaár. Að sama skapi þurfa þeir sem vilja hættast í áskrift að segja upp áskrift fyrir næsta skólaár.

Vorhátíð Foreldrafélagsins þriðjudaginn 21. maí kl. 17:00-19:00

Foreldrafélag Hörðuvallaskóla, í samstarfi við skólann, stendur fyrir hinni árlegu vorhátíð þriðjudaginn 21. maí kl. 17:00-19:00

Hátíðin hefst kl. 17:00 stundvíslega með tónum frá Skólahljómsveit Kópavogs

Hoppukastalar - Veltibill - Pylsur og safi - Blöðrarinn - Kökubasar - Andlitsmálun - Fótbolti 10. bekkjar og starfsfólks og margt fleira



Hlökkum til að sjá sem flesta í sólskinsskapi

Stjórn Foreldrafélagsins